

Félag löggiltra endurskoðenda
Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík

Reykjavík, 29. apríl 2026.

Efni: Beiðni um álit um viðmiðunartíma vegna skipta á áritunarendurskoðanda

Vísað er til erindis Félags löggiltra endurskoðenda, dags. 16. september 2025, þar sem óskað er álits á því frá hvaða tímapunkti eigi að telja regluna, um að skipta eigi um áritunarendurskoðanda þegar um er að ræða einingu tengda almannahagsmunum, þ.e. þegar félag verður eining tengd almannahagsmunum og kýs að hafa sama endurskoðanda og áður. Spurt er um það hvort að telja eigi starfstíma áritunarendurskoðandans frá því að hið endurskoðaða félag verður eining tengd almannahagsmunum eða frá því að viðkomandi endurskoðandi tók fyrst við sem endurskoðandi félagsins.

Í reglugerð nr. 537/2014/ESB, sem lögfest var með 42. gr. laga nr. 94/2019, er fjallað um endurskoðunarþjónustu sem veitt er einingu tengdri almannahagsmunum. Í 17. gr. reglugerðarinnar er fjallað um tímalengd endurskoðunar á einingum tengdum almannahagsmunum. Hefur endurskoðendaráð, í samræmi við túlkun reglugerðarinnar innan Evrópusambandsins, talið að ákvæði um tímalengd endurskoðunar gildi frá því að viðkomandi eining verður eining tengd almannahagsmunum og að við útreikning tímalengdar endurskoðunar sé ekki litið til þess hvort að viðkomandi endurskoðandi hafi endurskoðað eininguna áður en hún varð eining tengd almannahagsmunum.

Í 7. mgr. 17. gr. reglugerðarinnar er kveðið á um að áritunarendurskoðandi skuli hætta þátttöku í endurskoðun á endurskoðuðu einingunni eigi síðar en sjö árum frá tilnefningu hans. Skuli hann ekki taka þátt í endurskoðun á einingunni fyrir en þrjú ár hafa liðið frá því að hann hætti þátttöku.

Í samræmi við aðra túlkun varðandi tímalengd verkefna hefur ákvæði þetta verið túlkað þannig að árin sjö séu talin frá þeim tímapunkti þegar félag verður eining tengd almannahagsmunum. Því skuli ekki telja með starfstíma endurskoðanda við félagið áður en það varð eining tengd almannahagsmunum. Má m.a. sjá þetta af leiðbeiningum Committee of European Auditing Oversight Bodies, CEAOB, um túlkun 17. og 41. gr. reglugerðar nr. 537/2014/ESB.¹

¹ Sjá [CEAOB guidelines on duration of the audit engagements](#)

Í samræmi við framangreint telur endurskoðendaráð að telja eigi starfstíma áritunarendurskoðanda frá því að hið endurskoðaða félag verður eining tengd almannahagsmunum og að aðkoma endurskoðanda að endurskoðun félags fyrir þann tíma telji ekki inn í árin sjö.

Virðingarfyllt,
f.h. endurskoðendaráðs

Áslaug Árnadóttir
formaður